

Menntamálanefnd Alþingis  
B.t. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 21. janúar 2005

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands (398. mál)**

### I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 14. desember 2004, varðandi umsögn um 398. mál, frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólanna (BHM) um þingmálið.

BHM fagnar því að stefnt skuli að því að styrkja stoðir háskólakennslu og -rannsókna og tekur undir það markmið, sem hlýtur að búa að baki, að samnýta megi og styrkja beri stoðir kennslu og rannsókna á háskólastigi. Um leið skal minnt á að tryggja þarf að fjölbreytni sé skilyrði þess að margir skólar bjóði nám á sama sviði. Þá skal bent á að nauðsynlegt er að heildræn stefna sé mótuð fyrir háskólakennslu og háskólarannsóknir.

### II

Ekki kemur fram í bréfi yðar hverjum hefur verið sent sambærilegt boð um umsögn en BHM gerir ráð fyrir að meðal þeirra sem fengu slíkt boð sé stéttarfélag starfsmanna við Tækniháskóla Íslands, Félag tækniháskólakennara, sem á aðild að BHM.

Ekki hefur verið haft samráð við félagið eða bandalagið við undirbúning málsins í Stjórnarráðinu eða undirbúning þingmáls þessa. Er því enn brýnna en endranær að samtökunum gefist tækifæri til þess að fá að hafa áhrif á þingmálið meðan á þingmeðferð þess stendur og tjá sig um málið við menntamálanefnd með góðum fyrirvara; er þeirri ósk hér með formlega komið á framfæri. Viljayfirlýsing sú, dags. 19. október 2004, sem greint er frá í almennum athugasemdum frumvarpsins fylgdi ekki þingmálinu.

### III

Almennt vill BHM taka fram að þegar breytt er um rekstrarform fyrir starfsemi í almannaþágu á borð við kennslu og rannsóknir í

- a) ríkisháskóla, svo sem Tækniháskóla Íslands, og
- b) sjálfseignarstofnun, svo sem Háskólanum í Reykjavík, sem fjármögnuð er með
  - (i) beinum ríkisframlögum til kennslu og rannsókna og
  - (ii) óbeinum ríkisframlögum í formi niðurgreiddra lána úr ríkisstofnuninni Lánasjóði íslenskra námsmanna sem notuð eru til greiðslu skólagjalda án lögbundins hámarks

komi ekki til greina – hvorki frá sjónarhóli skattgreiðenda, lýðræðislegs umboðs og eftirlits, notenda, né starfsmanna – að starfsemin sé rekin í (einka)hlutafélagsformi. Við þessar aðstæður á best við að sjálfseignarstofnun taki við rekstri sem ekki þykir heppilegt að sé hafður með höndum í ríkisstofnun enda er þá tryggt að hugsanlegur arður af starfseminni renni aftur til hennar í samræmi við markmið sjálfseignarstofnunar. Sést best af góðum árangri og skilvirkri stjórnun Háskólans í Reykjavík, sem er sjálfseignarstofnun með stofnaðild Verslunarráðs Íslands, hve vel það form á við í starfsemi sem þessari. Hlutafélagsform á að mati BHM fyrst og fremst á við þegar samkeppnisstarfsemi með *arðsemissjónarmið* er sett á fót sem ný starfsemi. BHM leggst harðlega gegn því að einkahlutafélagsformið verði nýtt eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta.

Auk þess telur BHM óeðlilegt að slík áform – um rekstur starfsemi í almannabágu í einkahlutafélagsformi – komi ekki fram í lagatextanum sjálfum. Má efast um að slíkt sé í samræmi við vilja löggjafans er lög nr. 136/1997 um háskóla voru sett.

Hjálagt er í afriti vefrit BHM frá 23. desember 2004 þar sem þessi afstaða er rakin.

#### IV

Að því er réttindi starfsmanna varðar vantar hefðbundið ákvæði í frumvarpið um að sú stofnun, sem tekur við starfsemi þeirri sem rekin er nú í Tækniháskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, taki við starfsmönnum sem þar starfa nú og svo kjósa. Hlýtur sá skortur að stafa af handvömm og þeim skorti á samráði sem gerð var grein fyrir í I. kafla hér að ofan. Þá verður ekki ráðið af frumvarpinu að um það hafi verið haft samráð við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Er skortur á ákvæði er tryggir réttarstöðu starfsmanna einnig í ósamræmi við lög nr. 78/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Óumdeilt hefur verið og viðurkennt í framkvæmd að lögin gildi um opinbera *þjómustustarfsemi* sem er endurskipulögð, sameinuð annarri, einkavædd eða þvíumlíkt, sbr. a-lið 2. mgr. 1. gr. laganna sem bindur takmörkun gildissviðs við *stjórnvaldshafa*. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna, er

„óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir aðilaskiptin nema“

tilgreindar ástæður séu fyrir hendi sem ekki hefur verið sýnt fram á að eigi við hér.

Reglur laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins upphelja ekki lagareglur af evrópuréttarlegum uppruna sem banna starfslok vegna aðilaskipta eins og hér er stefnt að. Af takmörkuðum opinberum upplýsingum um mál þetta má ráða að stærstur hluti starfseminnar flytjist til nýs háskóla á vegum tilgreindra samtaka atvinnurekenda en fregnir herma að hluti starfseminnar flytjist til ríkisháskólans Háskóla Íslands. Ekki verður annað séð en að í báðum tilvikum taki lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum til þessara atvika. Eru upplýsingar, sem stafa frá forystu hins sameinaða háskóla, um að öllum starfsmönnum Tækniháskóla Íslands verði boðið starf í nýjum háskóla hins vegar í samræmi við framangreind lagasjónarmið. Býðst BHM til þess að eiga viðræður við menntamálaráðherra um lausn málsins og mælist til þess að þingmálið verði dregið til baka á meðan.

## V

Um einstök réttindi starfsmanna er erfitt fyrir BHM að tjá sig þegar málið er háð framangreindum

- formlegum annmörkum um undanfarandi samráð (II. kafli) og
- efnisannmörkum að því er varðar
  - o ósamræmi við lagasjónarmið um háskóla og rekstur almannaþjónustu (III. kafli) og
  - o lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti sem þessi (IV. kafli).

Er BHM því áskilinn réttur til framhaldsumsagnar að loknu samráði við menntamálanefnd þingsins eða menntamálaráðherra, sbr. IV. kafla hér að ofan.

## VI

Á þessu stigi skal þó þegar tekið fram að tryggja verður að lífeyrissjóðsaðild þeirra starfsmanna Tækniháskóla Íslands, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), verði ekki stefnt í voða með frumvarpi þessu og þykir rétt að sérstakar lausnir verði boðnar þeim til handa ef þörf er á, sbr. reglur sem gilda við niðurlagningu starfs skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 um LSR, en í mörgum tilvikum geta þar verið einstaklingar sem eiga skammt undan í svonefnda 10-ára reglu eða 95-ára reglu. Að því er varðar þá starfsmenn sem hafa átt aðild að A-deild LSR ætti lífeyrissjóðsaðild þeirra að vera trygg enda hefur Háskólinn í Reykjavík átt greiðsluáðild að þeirri deild og ekkert því til fyrirstöðu að svo verði áfram.


## VII

Á þessu stigi skal um einstök ákvæði laganna látið við það sitja að benda á það ósamræmi að gert er ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins að lögin öðlist gildi 1. júlí 2005 en samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir „að hinn sameinaði háskóli taki formlega til starfa í síðasta lagi í júní 2005.“ Áréttað skal af þessu tilefni að samkvæmt lögum nr. 78/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum hljóta starfsmenn að ganga að efnislega sambærilegu starfi við þá háskóla sem taka við þeim greinum sem í boði voru við Tækniháskóla Íslands.

## VIII

Loks skal áréttað að samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar er ljóst að áframhaldandi aðild starfsmanna að stéttarfélagi er tryggð, kjósi þeir að halda henni óbreyttri.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar BHM e.ú.



Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

**Afrit:** Menntamálaráðherra.



## Bandalag háskólamanna

Þetta er vefrit Bandalags Háskólamanna (BHAM) og hefur það tilgang að veita nánari upplýsingar um starfs- og launastöðu háskólamanna. Vefritið er opið fyrir alla háskólamenn og er hægt að skrá sig til að fá nánari upplýsingar um starfs- og launastöðu.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Bandalag háskólamanna fagnar nýjum lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem samþykkt voru 10. desember síðastliðinn, en þau lækka greiðslubyrði margra háskólamanna um tugi þúsunda króna á ári. Með þessu er náð áfangasigri í áralangri baráttu sem BHM og SÍNE hafa leitt. BHM telur lækkun endurgreiðslu hlutfalls námslána vissulega skref í rétta átt þótt bandalagið sé enn þeirrar skoðunar að heppilegra hefði verið að létta endurgreiðslubyrðina með frádrætti í skattkerfinu. Lækkun um 1% lengir endurgreiðslutímann og þar sem engin tímamörk eru á endurgreiðslu námslána munu einhverjir lánþegar enn þurfa að greiða af lánum í hárrí eili að óbreyttri launastefnu gagnvart háskólamenntuðu fólki. Þá hlýtur BHM að benda á að lækkun árlegs hlutfalls endurgreiðslu er einungis kjarabót fyrir þá sem tóku lán eftir 1992 en skattaleiðin kæmi öllum endurgreiðendum hér á landi vel.

Á næstunni verður lánþegum námslána sent bréflaga boð um skuldbreytingu eldri lána, þannig að þeir geti lækkað greiðslubyrði sína.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Starfsmenn ríkisins, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga sem launanefnd sveitarfélaga hefur samningsumboð fyrir, munu framvegis geta beint að launagreiðanda bótakröfum vegna skaða sem þeir verða fyrir í starfi, meðal annars af völdum einstaklinga sem að takmörkuðu eða engu leyti eru ábyrgir gerða sinna. Þetta er mikilvæg réttarbót, en til þessa hafa þessir starfsmenn þurft að höfða mál sín gegn þeim einstaklingum sem öllu tjóninu, sem gátu verið allsendis ófærir um að bera ábyrgð á gerðum sínum, eða sýna fram á "sök" vinnuveitanda. Nýlega vannst sigur í máli sem BHM rak til staðfestingar á bótaskyldu ríkisins í máli þar sem skjólstæðingur geðdeildar olli starfsmanni meiðslum og tjóni.

Samkomulag varð milli Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar, um bókun þessa efnis og hljóðar hún svo:

"Upp hafa komið álitamál um hvert starfsmenn eiga að beina kröfu sinni vegna tjóns er þeir verða fyrir við framkvæmd starfs síns. Á þetta hefur einkum reynt þegar í hlut eiga starfsmenn sem í starfi sínu sinna meðferð einstaklinga sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Til að auðvelda starfsmönnum að koma fram með kröfur sínar eru aðilar sammála um eftirfarandi:

Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins."

Bókun þessi bætir réttarstöðu starfsmanna við erfiðar aðstæður nokkuð og felur í sér áfangasigur að því er varðar kröfur samtaka opinberra starfsmanna um bættar réttarstöðu. Þetta dregur þó ekki úr þörf fyrir auknið öryggi þeirra er starfa við hættulegar aðstæður.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Aðildarfélag BHM hafa nú frestað öllum fundum sínum með samninganefnd ríkisins fram yfir komandi áramót. Þetta er gert til að skapa svigrúm fyrir hugmyndavinnu hjá samráðsnefnd BHM og samninganefnd ríkisins, þar sem fyrst og fremst er leitað leiða til að einfalda stofnanasamninga. Rætt er um að framvegis verði gerður einn sameiginlegur stofnanasamningur fyrir öll BHM-félög á hverri stofnun fyrir sig. Í framhaldi af því er verið að skoða möguleika á sameiginlegri launatöflu, sem væri þannig gerð að hún auðveldaði launasetningu starfa og einstaklinga. Fleiri nýjungar er einnig verið að skoða, en vinna við þær er skammt á veg komin. Þær miða þó allar að því að gera framkvæmd kjarasamninga skilvirkari og einfaldari.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

<http://www.bhm.is/main/view.jsp?branch=581116>

Málfestu BHM 10. jan. 2005

Þeir sem vilja

þar sem fyrsti mánudagur í janúar er jafnframt fyrsti almenni vinnudagur nýs árs hefur verið ákveðið að seinka málfestu janúarmánaðara um eina viku og halda hana mánudaginn 10. janúar klukkan 12:00 á hádegi, að venju á þriðju hæð í Lágmúla 7. Efni málfestunnar verður kynnt í tölvupósti í upphafi nýs árs.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Stjórn Sjúkrasjóðs BHM hefur ákveðið að taka upp styrki vegna tannviðgerða og kemur hann til framkvæmda frá og með næstu úthlutun sjóðsins í janúar. Greidd verða 30% af útlögðum kostnaði vegna tannviðgerða ef hann fer yfir kr. 50.000 á ársgrundvelli. Hámarksstyrkur á hverju ári er þó kr. 100.000.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Á fundi stjórnar Styrktarsjóðs BHM þann 20. desember s.l. var ákveðið að frá og með næstu áramótum yrði hægt að sækja um líkamsræktarstyrki úr sjóðnum. Verður gerð tilraun með styrkinn í eitt ár í byrjun. Líkamsræktarstyrkur gildir frá 1. janúar 2005 og verður að hámarki kr 12.000 á hverju almanaksári. Styrkurinn verður svo endurskoðaður í lok árs, bæði með tilliti til framhalds, svo og upphæðar ef hann verður veittur áfram. Ekki verður greitt vegna útgjalda sem stofnað er til fyrir 1. janúar 2005."

Vakin er athygli á því að framvísa þarf frumritum reikninga vegna líkamsræktarstyrkjanna eins og annarra styrkja hjá sjóðnum og er æskilegt að kassakvittun fylgi.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Styrktarsjóður BHM hefur breytt reglum um meðferðarstyrki (sjúkrabjálfun, sálfræðipjónusta o.þ.h.). Breytingin er á þann veg að nú verða endurgreiddar fyrstu 15.000 kr. af útgjöldum fyrir þennan lið samtals að fullu á hverju almanaksári. Áður námu styrkir kr. 30.000 á tveimur árum og aldrei endurgreiddur meir en helmingur útlagðs kostnaðar.

[Hér er hægt að sýna skráningarsíðu þína ef þú ert skráður.](#)

Orlofssjóður Bandalags háskólamanna (OBHM) hefur gert samning við Tímaritið ehf. Um gerð göngukorts sem sýni mismunandi

20.1.2005

Nýstofnað Húsfélag BHM hefur fest kaup á um níu hundruð fermetra húsnæði á annarri hæð í Borgartúni 6 í Reykjavík. Kaupsamningur þar að lútandi var undirritaður 16. desember síðastliðinn. Borgartún 6, sem margir þekkja sem Rúgbrauðsgerðina, var lengi í eigu íslenska ríkisins. Trésmiðja Snorra Hjaltasonar keypti bygginguna, og mun í kjölfarið endurnýja hana að innan. Eignin verður afhent BHM í ársbyrjun 2006. Þá mun flytjast þangað starfsemi skrifstofu BHM og sjóða í vörslu bandalagsins, svo og skrifstofur sextán af tuttugu og fimm aðildarfélögum, þar með taldar þjónustuskrifstofurnar HugGarður og SIGL.

Með þessu er lokið rúmlega þriggja ára húsnæðisleit í kjölfar greiningar á húsnæðisþörf BHM, sjóðanna og þeirra aðildarfélaga sem vilja vera undir sama þaki. Þörf á auknu rými hefur einkum skapast af þremur ástæðum. Fjöldgun sjóða sem BHM rekur og aukinni starfsemi þeirra. Fjöldgun aðildarfélaga BHM, en ljósmæður og þroskaþjálfar, sem hafa skrifstofur í Kópavogi, bættust í hópin 1998 og 1999 og hefur verið beðið eftir meiri nálægð við þau félög. Loks er starfsemi aðildarfélaganna almennt vaxandi.

#### Álit laganefndar FHSS vegna erindis

BHM styður framkomið frumvarp um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og áréttar þá skoðun sína að ein vinnulöggjöf gildi í landinu og að félagsmálaráðherra fari með mál er varða stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm

BHM telur að tryggja þurfi sjálfkrafa afturvirkni kjarasamninga og það mætti gera með því að setja í lög um stéttarfélög og vinnudeilur og eftir atvikum lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna meðan þau sérlög gilda, ákvæði þar að lútandi.

Með slíku ákvæði væri óbeint hvatt til friðsamlegra lausna í kjaradeilum. Með því væri komið í veg fyrir að annar hvor aðili kjarasamninga hafi sjálfkrafa hvata til þess að draga endurnýjun kjarasamninga eins og viðsemjendur aðildarfélaga BHM hafa að óbreyttum lögum.

#### Álit laganefndar FHSS vegna erindis um skattframtali

Að gefnum tilefnum telur framkvæmdastjóri BHM að við samruna og endurskipulagningu opinberrar starfsemi eigi að koma starfsemi fyrir í ríkisstofnunum eða sjálfseignastofnunum, en ekki einkahlutafélögum. Hins síðarnefnda gæti nokkuð núna, svo sem við samruna Tækniháskóla og Háskólans í Reykjavík og ætla má af ummælum ráðamanna að stefnt sé að vaxandi beitingu þess rekstrarforms.

Þótt lög um aðilaskipti að fyrirtækjum eigi að tryggja kjör opinberra starfsmanna við slíkar aðstæður þá gera lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki ráð fyrir að starfsmenn einhahlutafélaga þótt í eigu ríkisins séu heyri þar undir. Hins vegar gera lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir geti heyrt þar undir og eru margar þeirra viðsemjendur aðildarfélaga BHM.

BHM mun leggjast hart gegn því að notast verði við rekstrarform sem stefnir í hættu starfsöryggi opinberra starfsmanna.

#### Álit laganefndar BHM vegna erindis

**Álit laganefndar vegna erindis FHSS er varðar skuldajöfnun áunnins orlofs við „ónóg“ skil á yfirvinnu**

**Álit laganefndar BHM vegna erindis Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) er varðar réttmæti umbunar fyrir „trúmennsku“ í starfi**

**Álit laganefndar BHM vegna erindis Félags tækniháskólakennara (FTK) um lögmati ákvörðunar dómnefndar Tækniháskóla Íslands (THÍ) að hafna því að NN fengi framgang úr stöðu lektors í stöðu dósentis.**

**Niðurstaða laganefndar BHM vegna erindis Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) er varðar niðurlagningu starfs og uppsögn starfsmanna við Veiðimálastofnun**

#### Álit laganefndar BHM vegna erindis

leiðir frá orlofshúsasvæðum sjóðsins í Brekkuskógi í Bláskógabyggð. Orlofshús OBHM hafa verið mjög vel nýtt á árinu 2004. Athygli hefur vakið mjög góð nýting þeirra að vetrarlagi, jafnt sem að sumri. Þannig voru hús sjóðsins í Brekkuskógi nær fullnýtt fram í byrjun desembermánaðar. Áfram er hægt að bóka vetrardvöl á bókunarvef OBHM á heimasíðu BHM [www.bhm.is](http://www.bhm.is). Hægt er að bóka þrjá mánuði fram í tímann og nýr mánuður opnast á vefnum 15. hvers mánaðar.

#### Álit laganefndar BHM vegna erindis um skattframtali

Vegna aukningar á viðskiptum á netinu er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að rafrænn reikningur sem sendur er í tölvupósti uppfyllir ekki sömu skilyrði og frumrit reiknings á pappír. Slíkur reikningur á þó að vera fullnægjandi ef hann er studdur einhverjum gögnum sem sanna að greiðsla hafi farið fram samkvæmt honum. Til dæmis færslu á yfirliti greiðslukorts, eða önnur staðfesting banka á því að greiðsla hafi farið fram. Þetta á við um bæði fylgjigögn með umsóknum um endurgreiðslu á kostnaði úr sjóðum, svo sem Starfsmenntunarsjóði BHM, og um framtal kostnaðar á móti styrk á skattframtali.

#### Álit laganefndar

að ef laun eru vangreidd ber ekki aðeins að reikna almenna vexti ef laun eru ekki gerð upp á nýjum launataxta. Ef vangreiðsla fer í bága við skýrt samningsákvæði ber einnig að greiða dráttarvexti frá gjalddaga herrar launagreiðslu (sem nú eru 20% á ársgrundvelli). Tiltekna ríkisstofnanir virðast þó telja sér heimilt að hafa þá „stefnu“ að fara ekki eftir lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem segir í 1. mgr. 5. gr.: Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Ritstjóri: Halldór K. Valdimarsson - [hkv@bhm.is](mailto:hkv@bhm.is)

Ábyrgðarm.: Gísli Tryggvason - [gt@bhm.is](mailto:gt@bhm.is)